

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

9. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 10. okt.  
1989 kl. 16.00.

Mætt voru undirrituð.

1. Bingið. Rætt var um starfsmenn bingsins og undirbúning. Hjalti upplýsti um gang mála. Fenginn hefur verið einn fundarstjóri, Jón Hólm Stefánsson bórdi í Gljúfri og finna Hvergerðingar annan með honum. Rædd verða ræktunarmálin á þinginu og hafa Þorkell Bjarnason og Kristinn Hugason fallist á að vera ræðumenn. Þá hefur Ágúst Sigurðsson í Kirkjubæ gefið vilyrði fyrir því að vera framsögumaður. Þá ræddi formaður ýmsar breytingar, sem fyrirhugaðar eru á búfjárræktarlögum. Það var hans skoðun, að rétt væri að L.H. ætti hlut að máli við framkvæmd laganna í framtíðinni. Þar mun verða gert ráð fyrir nefnd sem hefur yfirumsjón með kynbótastarfi m.a. í hrossarækt. Taldi formaður nauðsynlegt að nefnd fyrir hrossarækt yrði 7 manna og þar ætti L.H. 2 fulltrúa. Þing hefst kl. 10.00 árd, og verður afmælisins minnst fyrir hádegi og tekur Sigurður Hallmarsson saman dagskrá vegna þessa. Eftir hádegi verður gengið til hefðbundinnar dagskrár. Framsöguerindi um hrossarækt verða síðdegis á föstudag. Að öðru leyti verða þingstörf með hefðbundnum hætti á laugardag. Skrifstofan tímasetur dagskrána nánar. Skýrsla stjórnar er komin áleiðis og verður frágangur hennar með hefðbundnum hætti. Formaður fór lauslega yfir efni hennar. Rætt var um boðsgesti og fór Hjalti yfir það. Ennfremur var rætt um form hátíðadagskrár. Veiting heiðursmerkja fer einnig fram innan hátíðadagskrár.
2. Farið var yfir tillögur, sem borist hafa frá hestamannafélögunum. Var efni þeirra rætt nokkuð. Borist hafa 10 tillögur. Formaður kynnti hugmyndir um tillöguflutning stjórnar í þá veru, að skipa milliþinganefnd til að fara yfir skipulag sambandsins.
3. Innganga nýrra félaga. Umsókn hefur borist frá Sóta á Álfanesi og Skugga í Borgarnesi. Skúli ræddi um nokkur atriði varðandi Skugga. Þá gerði Skúli athugasemdir við félagaskrá. Það var ákveðið að þessi félög yrðu tekin inn miðað við áramót að uppfylltum skilyrðum L.H.

4. Reiðhöllin h.f. Formaður ræddi málefni Reiðhallarinnar, en hún var lýst gjaldþrota fyrir skömmu. Framleiðni-sjóður keypti húsið á uppboði 4. okt. Kynnt var hugmynd frá Halldóri Gunnarssyni um áframhaldandi rekstur og stofnun hlutafélags þar um. Taka þarf afstöðu til þess, hvort menn vilja koma þarna að eða ekki. Formaður sagði það sína skoðun, að ríki og Reykjavíkurborg ættu að koma að málínus. Málið var síðan rætt. Skúli taldi að koma ætti því þannig fyrir að hestamennskan ætti innhlaup í framtíðinni ef það er mögulegt. Umræðu frestað.
5. Skúli hóf móls á málefnum sýningarnefndar B.Í. og um breytingar á búfjárræktarlagum. Skúli sagði, að ekki hefði verið haft samband við L.H. eða sýningarnefnd um væntanlegar breytingar. Ræddi Skúli svo ýmis ákvæði í væntanlegum lögum. Taldi hann hlut L.H. þar allt of lítinn, en fram kemur í lögunum að hann er enginn að því er virðist. Verður að taka þessi mál til umræðu og tryggja hlut félaga L.H. í stefnumörkun um þetta. Ákveðið að Skúli og Guðmundur taki málið til skoðunar og reyni að finna flót á því við ráðamenn að samstarf L.H. og B.Í. verði með svipuðum hætti og verið hefur.
6. Skúli ræddi um mál Eyfirðinga og kom með ýmsar ábendingar um gang þeirra málá. Skúli fór svo af fundi kl. 18.30.
7. Reiðhöllin h.f., framhald. Kristbjörg kvaðst efins í því að hægt væri að fara í fjársöfnun að svo stöddu. Fundarmenn ræddu svo ýmislegt sem varðað gæti framtíð Reiðhallarinnar og hvernig væri best að standa að málum. Þá var rætt um Reiðskólann í þessu sambandi. Það var mat fundarmanna að ekki væri grundvöllur fyrir hlutafjársöfnun að svo stöddu.
8. Málefni Eyfirðinga. Formaður las bréf, sem hann hafði ritað hestamannaféluginu Hring. Las hann einnig bréf sem borist hafði frá Eyfirska félögunum. Miðar lítt í þessum málum. Var þetta rætt all mikil.
9. Hjalti fór yfir minnisatriði varðandi þingið.
10. Haldið var í kvöldverð til Kára Arnórssonar formanns og konu hans kl. 19.00.
11. Skipuð var kjörbréfanefnd og í henni eru eftirtaldir: Kristmundur Halldórsson, Elísabet Þórlfsdóttir og Katrín Briem.

12. Formaður las samningsuppkast við Bergvík, myndbanda-fyrirtæki Guðmundar Ólafssonar, um útgáfu myndbanda, sem á væru landsmótsmyndir. Var betta rætt. Fram kom að kvíkmyndir frá fjórðungsmótum eru ekki í vörslu eða eigu L.H. Kára og Kristbjörgu var falið að semja við Guðmund Ólafsson um málið.
13. Gunnar skýrði frá uppsetningu hliðs í Skógarhólum. Sýndi hann mynd af hliðinu og var gerður góður rómur að þessu. Gunnar skýrði frá ýmsu varðandi framkvæmdina. Smíðakostnaður við hliðin er áætlaður ca. 300.000 kr. Innifalið í þessu er aðalhliðið og 6 lítil hlið. Samþykkt að fela Gunnari að semja við Axel Gíslason járnsmið um þetta. Síðan ræddu menn margt varðandi Skógarhóla.
14. Ingimar Ingimarsson fór yfir helstu framkvæmdir sem ráðist hefur verið í, í sumar á Vindheimamelum. Má þar nefna endurbætur á áhorfendasvæði, stækjun hringvallar, völl fyrir dóma kynbótahrossa, og viðbót við veitingaskála er hafin. Þá hefur verið tekinn grunnur fyrir öðru stóðhestahúsi. Þá verður plægður niður rafmagnsstrengur í haust til að rafvæða svæðið næsta vor. Kappreiðavöllurinn er að verða mjög vel gróinn. Þá útskýrði Ingimar endurbætur á hreinlætisaðstöðu. Var margt rætt um framkvæmdina.
15. Reikningar síðasta árs eru komnir og kynnti gjaldkeri þá. Reikningar Hestsins Okkar eru ekki alveg tilbúnir.
16. Ritsjóri Hestsins Okkar hefur sagt upp starfi frá og með áramótum. Þetta tilkynnti formaður. Áætlað er, að árgangur '89 verði kominn út fyrir áramót.

Guðmundur Jónsson  
ritari.

Kári Arnórsson  
Elísabet Þórólfssdóttir  
Kristbjörg Eyyvindsdóttir  
Ingimar Ingimarsson  
Sigfús Guðmundsson  
Gunnar B. Gunnarsson  
Jón Bergsson